

REGLUR

um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur, hvort heldur sem þær eru notaðar við atvinnurekstur eða til einkanota almennings.
2. Reglurnar gilda um varanlega festan rafknúinn, vökvaknúinn eða raf- og vökvaknúinn lyftubúnað sem fer upp í tiltekna hæð, með klefa sem ætlaður er til flutninga á fólki eða fólki og vörum og hangir í strengjum eða keðjum og gengur að minnsta kosti að hluta til eftir sporum sem eru lóðrétt eða víkja í mesta lagi 15° frá lóðréttu og kallast hér eftir lyftur.
3. Reglurnar gilda ekki um:

lyftur sem einkum eru ætlaðar til hernaðarnota eða í vísindaskyni,
lyftur sem teljast vera búnaður á skipum,
við olíuleit og borun á rúmsjó, við námavinnslu eða við meðhöndlun geislavirkra efna,

lyftur sem einkum eru ætlaðar til vöruflutninga,

eða einhvern af eftirtöldum lyftibúnaði: paternosterlyftur, tannstangarlyftur, lyftur drifnar með skrufteini, leiksviðslyftur, lagerlyftur, fólkslyftur og vörulyftur á byggingarstöðum, lyftur til nota við byggingu og viðhald húsa og lyftur sem einkum eru ætlaðar til að flytja hreyfihlaða.

2. gr.

1. Heimilt er án hindrana og takmarkana að setja upp og taka í notkun lyftur sem uppfylla kröfur þessara reglna og gildandi reglna um lyfti- og flutningabúnað, sbr. þó ákvæði 3. gr. Áður en lyfta er tekin í notkun ber að ganga úr skugga um að hún samræmist reglum með því að gera á henni prófun og skoðun í samræmi við ákvæði þessara reglna og gildandi reglna um lyfti- og flutningabúnað.
2. Reglur þessar hafa engin áhrif á innlendar reglur um byggingu húsa, einkum reglur um eldvarnir enda falli þær ekki undir gildissvið þessara reglna.
3. Nú fer Vinnueftirlitið fram á að heimildar verði leitað áður en uppsetning hefst og skal við afgreiðslu umsóknar um heimild fara eftir ákvæðum þessara reglna.
4. Prófanir og skoðanir sem fram fara með reglubundnu millibili sem hluti af viðhaldi eða að aflokinni meiriháttar breytingu fari fram í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og gildandi reglur um eftirlit með lyftum og rennistigum. Að því er varðar lyftur sem falla undir þessar reglur eru þessar prófanir og skoðanir ekki strangari en þær sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

3. gr.

1. Þeir lyftuhlutir sem skráðir eru í II. viðauka skulu gangast undir EBE-gerðarprófun og EBE-skoðun í samræmi við gildandi reglur um lyfti- og flutningabúnað að því er varðar sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað.
2. Heimilt er án hindrana og takmarkana að markaðsetja og taka í notkun lyftuhluta ef þeir er í samræmi við þá gerð sem hefur hlotið skoðun, bera merki um EBE-gerðarprófun og þeim fylgir gerðarvottorð sem framleiðandinn hefur útbúið í samræmi við þá fyrirmynd sem sýnd er í IV. viðauka við gildandi reglur um lyfti- og flutningabúnað.

4. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gera megi EBE-gerðarprófun á lyftuhlutum og að vottorð um EBE-gerðarprófun, með því sniði sem sýnt er í III. viðauka og getið er í 3. gr., verði veitt þegar íhlutarnir uppfylla tæknikröfurnar í I. viðauka.

5. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr 80. gr laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlits ríkisins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/529 sem vísað er til í 3. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknar eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 3. tölul. III. kafla II. viðauka, tilskipun 84/529/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ákvæði um rafknúnar lyftur og eins og henni var breytt með tilskipun 86/312/EBE og tilskipun 90/486/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1995 og um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem breytt var með reglugerð nr. 474/1975 og reglugerð nr. 62/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

TÆKNIKRÖFUR.

1. Búnaður sá sem um getur í 2. tölulið 1. mgr. 1. gr., að frátöldum þeim sem vikið er að í 2. lið hér að neðan, skal fylgja eftirfarandi stöðlum sem samþykktir hafa verið af Staðlasamtökum Evrópu (CEN).

- EN 81-1 (útgáfan frá desember 1985) Lyftur og vörulyftur - öryggisreglur um smíði og uppsetningu. 1. hluti: Rafknúnar lyftur.
 - EN 81-2 (útgáfan frá nóvember 1987) Lyftur og vörulyftur - öryggisreglur um smíði og uppsetningu. 2. hluti: Vökvaknúnar lyftur.
2. Þessir staðlar gilda með fyrirvara um eftirtaldar breytingar:
- 2.1. Liður 12.4.2.1. (gildir einvörðungu um staðal EN 81-1 - útgáfuna frá desember 1985).

Í stað síðasta málsliðar komi eftirfarandi:

„Þó er aðildarríkjum í sjálfsvald sett, allt til 26. september 1991, hvort þau geri þessar kröfur eða ekki.“

2.2. Liður 13.1.1.4.

Í stað hans komi eftirfarandi:

„Raftengingar við uppsetningu á lyftum skulu:

- a) uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í samræmdum skjölum frá CENELEC og samþykktar hafa verið af nefndum um raftæknimál í aðildarríkjum EBE;
- b) uppfylla gildandi kröfur í því landi þar sem lyftan er sett upp enda sé ekki til að dreifa neinum samræmdum skjölum um raftengingar svo sem um getur í a-lið.“

2.3. Liður 13.1.2.

Í hans stað komi eftirfarandi:

„Nauðsynlegt er að veita vernd gegn beinni snertingu í hreyfils- og trissurými með ytri hlíf er gefi einangrun upp á að minnsta kosti IP 2 X.“

2.4. Liður F.O.1.6.

Bæta skal við eftirfarandi:

„... í samræmi við 2. mgr. 13. gr. í tilskipun 84/528/EBE.“

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞÁ LYFTUHLUTA SEM ÞURFA AÐ GANGAST UNDIR EBE-GERÐARPRÓFUN OG EBE-SKOÐUN Í SAMRÆMI VIÐ 3. GR.

1. Læsingarbúnaður á lyftudyrum.
2. Gangráðar (lyftuklefi og mótvægi).
3. Stöðvunarbúnaður (lyftuklefi og mótvægi).
4. Höggdeyfar (með deyfðu endurkasti og stuðpúðum).

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARPRÓFUN.

Nafn samþykks aðila

.....

.....

Vottorð um EBE-gerðarprófun

.....

.....

.....

EBE-gerðarprófun nr.

1. Flokkur, gerð, og vörunafn eða vörumerki
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda
3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa
4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn.....
5. Vottorð gefið út miðað við eftirfarandi kröfur:
6. Prófunarstaður
7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu.....
8. EBE-gerðarprófun veitt hinn.....
9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu EBE-gerðarprófunarnúmeri.....
fylgja þessu vottorði.....
10. Aðrar upplýsingar

Útgefið hinn

.....
(undirskrift)